



Ársmeting Bandalags íslenskra græðara

Haldið í Baðstofunni, Prestastíg 7, Reykjavík, 27. maí 2004

1. Þingsetning

Formaður bandalagsins, Sigrún Sól Sólmundsdóttir, setti þingið kl. 17:30.

2. Kosning þingforseta og þingritara

Þingforseti var kjörin Ragnheiður Guðnadóttir og þingritari Birna Imsland.

3. Fundargerð síðasta aðalfundar

Hanna Sigríður Jósafatsdóttir las fundargerð síðasta aðalfundar Félags íslenskra græðara og var hún samþykkt einróma.

4. Skýrsla formanns

Sigrún Sól las skýrslu formanns. Þar kom m.a. fram að núverandi stjórn skipa Sigrún Sól Sólmundsdóttir, Eygló Benediktsdóttir (gjaldkeri), Hanna Sigríður Jósafatsdóttir (ritari), Dagný Elsa Einarisdóttir (varaformaður) og meðstjórnendurnir Ragnheiður Guðnadóttir, Lilja Oddsdóttir, Sveinbjörg Sumarliðadóttir, Dagmar Eiríksdóttir og Katrín Ingibergsdóttir.

Á síðasta ári var Félagi íslenskra græðara breytt í Bandalag íslenskra græðara (BÍG). Breyttu rekstrarformi fylgir að aðalfundir leggjast af en við taka ársþing með kjörnum fulltrúum. Sjö stjórnarfundir og einn formannafundur voru haldnir sl. vetur.

Félagið tilnefndi tvo fulltrúa í nefnd á vegum Heilbrigðisráðuneytisins sem á að gera úttekt á stöðu óhefðbundinna lækninga hérlendis. Sigrún fagnaði formlegri og opinberri umræðu um stöðu græðara. Henni var boðið á fund nefndarinnar í nóvember sl. og fyrir þann fund kallaði Sigrún Sól til formenn aðildarfélaganna, til fundar og sett var fram ályktun með kröfugerð um opinbera viðurkenningu og lagalega stöðu græðara.

Heimasíða hefur verið opnuð á vegum bandalagsins: www.big.is

Skýrsla formanns var samþykkt einróma.

5. Reikningar

Eygló Benediktsdóttir, gjaldkeri, lagði fram reikninga, endurskoðaða af formanni og varaformanni. Reikningar Félags íslenskra græðara fram í maí 2003 höfðu verið samþykktir en þeir voru innifaldir í reikningum sem lagðir voru fram nú. Staða um áramót var jákvæð, kr. 314.978. Aðeins fimm aðildarfélög hafa greitt félagsgjöld.

Í ljós kom að tveir skoðunarmenn (Dýrleif Skjöldal og Björn Gunnarsson) voru á síðasta ári kjörnir til tveggja ára og hefðu þeir átt að undirrita þessa reikninga í heild. Samþykkt var tillaga um að samþykkja reikningana eins og þeir eru, með þeim fyrirvara þó að kjörnir skoðunarmenn samþykki þá að þingi loknu.

6. Tillögur til lagabreytinga

Sigrún Sól kynnti tillögur til lagabreytinga sem voru unnar með lögfræðingi. Ekki var talið rétt að afgreiða lögina á yfirstandandi þingi og var samþykkt tillaga Sigrúnar um að haldið yrði haustþing sem helgað yrði lögnum eingöngu og að lögfræðingur með sérþekkingu á félagalögum yrði ráðinn til aðstoðar. Þingmenn voru sammála um að miklu máli skipti að lög bandalagsins væru vönduð, sérstaklega fyrst von er á að bandalagið muni halda landsskrá yfir græðara og verða landlækni til ráðgjafar varðandi heilrænar meðferðir. Til undirbúnings var farið yfir þær tillögur til breytinga sem þegar höfðu verið unnar.

7. Árgjald

Samþykkt var tillaga frá gjaldkera um að árgjald verði áfram kr. 1.500 fyrir hvern félagsmann í aðildarfélagi. Skorað var á félögin að standa skil á gjöldum.

8. Nefnd um stöðu óhefðbundinna lækninga

Dagný Elsa Einarsdóttir skýrði frá störfum svokallaðrar Guðmundarnefndar sem hefur starfað frá febrúar 2003 og er um það bil að ljúka störfum. Hlutverk nefndarinnar er að gera úttekt á stöðu óhefðbundinna lækninga hérlendis og byggja á henni tillögur, m.a. um eftirlit og leyfisveitingar. Í nefndina voru skipuð læknir sem er formaður, ritari frá Heilbrigðisráðuneyti, yfirlýfjafræðingur og yfirlögfræðingur ráðuneytisins, hjúkrunarfræðingur, mannfræðingur og tveir græðarar: Ástríður Svava Magnúsdóttir, þáverandi formaður Félags íslenskra græðara, auk Dagnýjar, sem kjörin var af stjórn FÍSG.

Ráðherra hélt blaðamannafund þann 6.okt.sl. til kynningar áfangaskýrslu nefndarinnar og var það í fyrsta sinn hérlendis að læknir og hómópati sátu opinberlega saman fyrir svörum. Töluverðar umræður spunnust í fjölmiðlum í kjölfarið.

Nefndin hefur skoðað nýleg norsk lög um störf græðara, sem hafa reynst meingölluð í framkvæmd. Dönsk lög voru væntanleg þegar nefndin hóf störf.

Fulltrúar okkar hafa lagt áherslu á að græðarar muni hafa sjálfstæði og fari sjálfir með faglegt eftirlit, að komið verði á frjálsum skráningarkerfi, að virðisaukaskattur verði felldur niður, að græðurum verði auðvelduð aðföng þess sem nota þarf við meðhöndlun, að skilningur og virðing milli opinberra heilbrigðisstétta og græðara verði eflur, að gætt verði sannmælis um stöðu græðara og að neytendur fái að velja sér meðferð á jafnréttisgrundvelli.

Stefnt er að því að ráðherra leggi fram lög á Alþingi nk. haust þar sem kveðið verði á um frjálst skráningarkerfi sem græðarar muni setja upp og annast. Skilyrði fyrir skráningu verði að græðari sé í viðurkenndu fagfélagi og hafi tryggingar. Litlar takmarkanir verði á starfssviði. Heilbrigðisráðherra muni viðurkenna fagfélög að fengnu álitum BÍG og landlæknis. Græðarar í skránni greiði hóflegt árgjald fyrir skráningu og verði auðkenndir með skammstöfun og skráin verði aðengileg neytendum. Farið verður fram á fjárveitingu til uppsetningar kerfisins.

Dagný áréttaði að það er einungis fyrir tilstilli og tilveru FÍSG að Heilbrigðisráðuneytið ljáði máls á því að semja við fagfélög um skráningarkerfi sem ekki væri á valdi

ráðuneytis eða Landlæknisembættisins. Því sé ávinningur okkar af stofnun samtakanna óumdeilanlegur.

9. Starf NSK

Anne May Sæmundsdóttir, fulltrúi BÍG hjá hinum samnorrænu regnhlífarsamtökum græðara, NSK, greindi frá störfum sínum. Hún minnti á að frumkvæðið að stofnun FÍSG hafi komið frá NSK.

Anne fór aðeins á annan af tveimur fundum, sem haldnir voru, vegna fjárskorts, en hún hefur á eigin spýtur aflað styrkja til Norðurlandasamstarfsins.

Fundurinn var haldinn í Svíþjóð og rann saman við 20 ára afmælishátíð sænsku græðarasamtakanna, KAM. Anne tók m.a. þátt í pallborðsumræðum við fjölmiðla og sænska græðara. Nýr formaður KAM er ekki græðari heldur stjórnmalamaður. Sænsku NSK-fulltrúarnir eru komnir með áheyrnarleyfi hjá Alþjóða heilbrigðismála-stofnuninni fyrir hönd Svíþjóðar og NSK. Einnig hafa þeir tengsl við Evrópusam-bandið.

Norðmenn vara við því að norsku græðaralögin séu tekin til fyrirmyndar og benda frekar á Danmörku. Störf Guðmundarnefndarinnar vöktu athygli hinna Norðurlanda-fulltrúanna sem vonuðust til að geta jafnvel litið til Íslands. Þeir eru hrifnir af kröfum og siðareglum hér og þykja aðildarfélög BÍG hlutfallslega fjölmenn.

Sárlega vantar samtök neytenda heilðrænna meðferða hérlendis. Á fundinum í Svíþjóð var Breti sem berst gegn höftum frá Evrópusambandinu og lagði til að frægt fólk væri fengið til að koma fram sem neytendur. Í kjölfar þess kom Anne á tengslum við íslenskt tónlistarfólk.

Gert var hlé á fundinum meðan formaður og fleiri reiddu fram ljúffengar veitingar.

10. Önnur mál

Undir liðnum önnur mál var rætt um sjúkraskýrslur og stungið upp á að fagfélögin settu inn í lög sín að meðhöndlarar skuldbindi sig til að halda ítarlegar heilsufarsskýrslur um skjólstæðinga sína þar sem fram komi nafn og kennitala sjúklings ásamt dagsetningum upphafs og loka meðferðar. Eyðublað hómópata gerir t.d. ráð fyrir upplýstu samþykki sjúklings og undirritun hans eða forráðamanns hans. Einnig að fram komi hvort kona er þunguð. Dagný lofaði að senda sýnishorn til félaganna til hliðsjónar. Í framhaldi af því spunnust umræður um ábyrgð við meðhöndlun barna undir lögaldri og nauðsyn þess að forráðamaður sé ávallt viðstaddur meðferð.

Félagafjöldi í BÍG er yfir 500 sem þýðir að nú ætti að vera hægt að semja um mun lægri tryggingar en áður, jafnvel við erlend tryggingafélög.

Lagt var til að allir þingfulltrúar kynntu sig og frá hvaða félagi þeir væru. Eins að á næsta þingi beri þingmenn nafnspjöld.

Töluverð umræða varð um væntanleg lög og skráningarkerfi, t.d. hvaða sjúkdóma við munum ekki mega meðhöndla, hverjir veiti undanþágu á því, hverjir meti menntun og reynslu og hvort símenntunar verði krafist.

Rætt var um Norðurlandasamstarfið, m.a. fjáröflun vegna þess og að fróðlegt væri að fá upplýsingar um hverjir það eru sem fjalla um mál græðara í Brussel. Þingið samþykkti áframhaldandi aðild að NSK næsta árið.

Athygli var vakin á að í BÍG eru tveir hópar í fjórum félögum, þ.e. tveimur svæðameðferðarfélögum og tveimur höfuðbeina- og spjaldhryggsmeðferðarfélögum. Félögin voru hvött til að samræma undirstöðumenntun sína svo þau gætu sameinast.

Samþykkt var tillaga að kjörbréfi fyrir bandalagsþing þar sem fram kemur fjöldi þingmanna frá aðildarfélagi, fjöldi félaga þess, nöfn þingmanna og varaþingmanna. Bréfin verða tekin í notkun fyrir haustþingið.

Samþykkt var að stofna sérstaka nefnd til að starfa með lögfræðingi að lagabreytingum. Þingmenn komi tillögum til stjórnar síns félags sem skili þeim áfram til nefndarinnar. Nefndin fullvinni svo tillögur með lögfræðingnum og skili þeim til stjórnar BÍG mánuði fyrir haustþingið. Fulltrúar í nefndina voru valin Ríkharður Jósafatsson, Hallfríður María Pálsdóttir og Hanna Sigríður Jósafatsdóttir.

Anne May sýndi græna slaufu sem var til sölu í Svíþjóð til að minna fólk á heildrænar meðferðir. Hægt væri að nota stofndag FÍSG, 30. nóvember, til þess. Rætt var um annars konar fjáröflun og kynningu, t.d. ráðstefnu eða sýningu, en slíkt hefur ekki verið talið svara kostnaði.

Vakin var athygli á að við þingfulltrúaskipti skuli upplýsingamöppur um þing BÍG skuli ganga áfram.

11. Þingslit

Stjórn BÍG var að lokum þakkað óeigingjarnt starf í þágu okkar allra. Þingi var slitið kl. 20:40.

Birna Imsland
þingritari

Staðfest: Sigrún Sól Sólmundsdóttir
formaður

Þingið sátu:

Frá Acupunkturfélagi Íslands, AFÍ:

- Dagmar J. Eiríksdóttir
- Ríkharður Jósafatsson
- Þórunn Birna Guðmundsdóttir

Frá Cranio, félagi höfuðbeina- og spjaldhryggsjafnara:

- Guðrún Garðarsdóttir
- Hanna Sigurðardóttir
- Ragnheiður Guðnadóttir
- Sæunn Óladóttir (varamaður, áheyrnarfulltrúi fyrir hlé)

Frá Craniosacralfélagi Íslands, CSFÍ:

- Anne May Sæmundsdóttir
- Erla Ólafsdóttir
- Hallfríður María Pálsdóttir
- Hanna Sigríður Jósafatsdóttir

Frá Félagi íslenskra heilsunuddara, FÍHN:

- Guðlaug Margrét Steinsdóttir
- Sveinbjörg Rósa Sumarliðadóttir

Frá Félagi lithimnufræðinga, FL:

- Jónína Berg
- Lilja Oddsdóttir

Frá Organon, fagfélagi hómópata:

- Birna Imsland
- Bylgja Matthíasdóttir
- Dagný Elsa Einarsdóttir

Frá Sambandi svæða- og viðbragðsfræðinga á Íslandi, SSOVÍ:

- Arnhildur Sesselja Magnúsdóttir
- Emelía Hildur Einarsdóttir
- J. Eygló Benediktsdóttir

Frá Svæðameðferðarfélagi Íslands, SMFÍ:

- Linda Björk Birgisdóttir
- Sigrún Sól Sólmundsdóttir